

Greinargerð

Nú á haustmánuðum hefur staðið mikill styr um framkvæmdir neðst á Hverfisgötu sem samkvæmt áætlun ættu að vera löngu lokið. Ýmsar skýringar hafa komið fram ásamt ábendingum frá þeim rekstraráðilum sem hafa búið við þessi óþægindi allt of lengi. Hverfisgatan hefur verið í gíslingu framkvæmda í allt of mörg ár og þegar farið var í umræddar framkvæmdir þá mætti gera ráð fyrir að þó nokkur reynsla væri til staðar hjá borginni, ásamt þeirri reynslu sem hlotist hefur af t.d. framkvæmdum við Nauthólsveg 100 og Hlemm, svo fátt eitt sé nefnt. Það er ábyrgðarhluti að hefja framkvæmdir og hafa ekki hugmynd um hvort nægur sé mannaflí og þá sérstaklega það efni sem þarf í framkvæmdirnar. Formaður skipulags- og samgönguráðs gaf þær skýringar á töfum ekki alls fyrir löngu að skortur á efnum hafi tafið framkvæmdir talsvert. Verkkaupi sem í þessu tilfalli er Reykjavíkurborg ætti af góðri reynslu tafa og framúrkeyrslu verkefna að fullvissa sig um að verktakar uppfylli öll útboðs- og framkvæmdaskilyrði. Það er ekki verjandi að framkvæmdir hafi þau áhrifa að rekstraráðilar sem eru staðsettir á framkvæmdasvæði leggi upp laupar einvörðungu vegna framkvæmdanna eða missi það mikinn spón úr aski sínum að erfitt reynist að ná endum saman.

Í álitni og niðurstöðum Umboðsmanns borgarbúa 31. október 2019 segir meðal annars í lið 4:

Að því er varðar innra skipulag á umhverfis- og skipulagssviði leggur umboðsmaður til að verkferlar verði yfirfarnir með það að markmiði að tryggja að umboðskeðja og verkskipulag sé skýrt öllum þeim sem koma að verkefninu og öðrum sem vilja kynna sér það. Verkferlar séu aðgengilegir á heimasíðu Reykjavíkurborgar þannig að allir sem hagsmuna eiga að gæta geti kynnt sér ólík hlutverk þeirra skipulagseininga sem koma að framkvæmdunum og hvernig ferlið frá hugmynd til framkvæmdaloka lítur út.

Þá sé skipulagt fyrir fram hver annist samskipti út á við á verktíma, bæði að því er varðar miðlun upplýsinga til hagsmunaaðila og til fjölmiðla. Tryggt sé að upplýsingamiðlun sé í höndum aðila með þekkingu á því hlutverki og að viðkomandi aðili sé vel að sér í framkvæmdunum allan framkvæmdatímann.

Flokkur fólksins treystir því að meirihlutinn í borginni láti sér fyrri framúrkeyrslu verkefni sér að kenningu verða og hlusti bæði á Innri endurskoðun og nú nýverið Umboðsmann borgarbúa. Það er mál að linni.